



## CAD Fréttir Maí 2008

Þetta fréttabréf verður í styttra lagi og er fyrst og fremst sent til að minna á AutoCAD 2009 uppfærslunámskeiðið.

### **AutoCAD 2009 uppfærslunámskeið frá AutoCAD 2008:**

Eins dags námskeið þar sem farið er í gegnum helstu nýjungar í AutoCAD 2009. Einnig mun ég rifja upp nokkrar nýjungar sem komu í AutoCAD 2008 eins og t.d. Annotative Dimensions og texta.

Styðst er við gögn frá Autodesk: AutoCAD 2009 update from 2008. Námskeiðið er haldið eins venjulega í samvinnu IÐAN fræðslusetur.

Staður:

Iðan fræðslusetur  
Hallveigarstíg 1,  
101 Reykjavík

Stund:

Föstudaginn 23. maí 2008  
kl. 8:30 - 16:30.

Skráning:

Iðan fræðslusetur sími 590 6400 eða [www.idan.is](http://www.idan.is).

### **Uppfærslur í áskrift:**

Nú ættu síðustu uppfærslurnar að vera í þann mund að detta inn til notenda.

AutoCAD Electrical 2009 ætti einnig að vera farin af stað frá Autodesk á Írlandi.

Ef notendur hafa ekki fengið uppfærslur sínar í hendur eftir hvítasunnu væri gott að fá tölvupóst frá ykkur og ég skal kanna hvar málin standa.

Til þess að getað gengið í málið þarf ég eftirfarandi:

Númer samnings / áskriftar og hvaða forrit er um að ræða

Nafn fyrirtækis - Company Name

Nafn á tengilið - Contract Manager

Heimilisfang - Address

Símanúmer - Telephone

tölvupóstfang - email

### **Smá ábending sem flokka má undir Tips og Tricks:**

Í **AutoCAD** möppunni (undir Program Files) td.

C:\Program Files\Autodesk\AutoCAD 2009\Sample\ActiveX\ExtAttr liggur teikning og Excel skjal sem notað er til að sýna hvernig Excel er notað til að draga út upplýsingar úr blokkum í AutoCAD. Einnig er readme skjal með leiðbeiningum.

Í **Inventor 2009** möppunni t.d í Windows Vista. C:\Users\Public\Documents\Autodesk\Inventor 2009\ liggur mappa sem heitir SDK

Þessi mappa inniheldur uppsetningarskrá (User Tools.msi)

Um "User Tools" er eftirfarandi að segja:

Þetta eru verkfæri, sem gera sumar aðgerðir sjálvvirkar í Inventor og einnig eru verkfæri sem gerir okkur kleift að framkvæma aðgerðir sem ella væri erfiðar eða jafnvel ekki hægt. Þetta eru allt aðgerðir sem nota API'inn sem er í Inventor.

Verkfærin (User Tools) inniheldur eftirfarandi AddIns: AssemblyTools, DrawingTools, GeneralTools, DerivedPart\_SP og AutoCustomize Auk þess eru keyrsluskrár (executables): ColorSchemeEditor,

CopyDesign, PartNumberModifier og UpdateThreadDesignation.  
Fleiri upplýsingar um hvert verkfæri er að finna í readme skránni sem fylgir hverju verkfæri (þegar búið er að keyra User Tools.msi)

Þetta eru verkfæri sem eru vel þess virði að skoða.

### Taktu daginn frá:

Að lokum vil ég minna á CAD daginn 15 maí.  
Í ár munum við aftur halda hátið á Grand Hotel Reykjavík frá kl. 9 - 17.  
Að venju er ekkert þáttökugjald en gott væri að fá línu um hverjir munu mæta svo kokkurin getað áttað sig á fjöldanum.  
Sendið línu á [cad@cad.is](mailto:cad@cad.is)

Finnur P. Fróðason

### Hafið Samband:

sími: 5523990 - [cad@cad.is](mailto:cad@cad.is)

### Forward email

#### ✉ **SafeUnsubscribe**®

This email was sent to [finnurp@cad.is](mailto:finnurp@cad.is) by [finnurp@cad.is](mailto:finnurp@cad.is).  
[Update Profile/Email Address](#) | Instant removal with [SafeUnsubscribe](#)™ | [Privacy Policy](#).

Email Marketing by



CAD ehf | Skipholt 50 A | Reykjavík | IS-105 | Iceland